



Eftirfylgd úttektar

Meðferðarheimilið
Krýsuvík

Mat á gæðum og
öryggi þjónustu

Desember 2016



**Embætti
landlæknis**
Directorate of Health



Embætti
landlæknis
Directorate of Health

*Eftirfylgd úttektar – Meðferðarheimilið Krýsuvík
Mat á gæðum og öryggi þjónustu*

Höfundar:

Leifur Bárðarson sviðsstjóri
Laura Sch.Thorsteinsson hjúkrunarfræðingur
Salbjörg Bjarnadóttir geðhjúkrunarfræðingur
Sigríður Egilsdóttir hjúkrunarfræðingur
Birgir Jakobsson landlæknir

Útgefandi:

Embætti landlæknis
Bárónsstíg 47
101 Reykjavík
www.landlaeknir.is

Reykjavík 2016

© 2016 Embætti landlæknis

Leyfilegt er að afrita og nota efni þessa rits,
sé heimildar getið.

Þakkið

Embættið þakkar forsvarsmönnum Meðferðarheimilisins
Krýsuvík góða samvinnu við úttektina

Eftirfylgd úttektar

Meðferðarheimilið Krýsuvík

Eftirfylgd úttektar
Embættis landlæknis á
gæðum og öryggi þjónustu

Desember 2016

INNGANGUR

Embætti landlæknis gerði úttekt á Meðferðarheimilinu í Krýsuvík á tímabilinu apríl - maí árið 2016. Fulltrúar embættisins fóru í úttektarheimsókn og ræddu við Lovísu Christiansen, framkvæmdastjóra, Sigurlínu Davíðsdóttur, sálfræðing og Þorgeir Ólason, forstöðumann. Húsnæði og aðbúnaður var einnig skoðaður. Eftirfylgd úttektar var áætluð í lok árs 2016. Sjá meðfylgjandi úttektarskýrslu.

ÁBENDINGAR EMBÆTTIS LANDLÆKNIS AÐ LOKINNI ÚTTEKT

- Hafa skráðar viðurkenndar faglegar leiðbeiningar og verklagsreglur varðandi meðferð aðgengilegar starfsfólki.
- Fylgja leiðbeiningum Embættis landlæknis varðandi gæði og öryggi (*Eflum gæði og öryggi í íslenskri heilbrigðisþjónustu, 2014*).
- Bæta skráningu, t.d. með því að taka upp Sögukerfið.
- Auka fagmennun.
- Sjá til þess að alltaf sé starfsmaður til staðar á heimilinu til að tryggja öryggi.
- Hraða nauðsynlegum úrbótum á húsnæði.

EFTIRFYLGD ÚTTEKTAR

Í tengslum við eftirfylgd var haldinn fundur þann 7. desember 2016 með fulltrúum Meðferðarheimilisins í Krýsuvík til að fá upplýsingar um hvernig ábendingum embættisins hefur verið fylgt eftir. Eftir fundinn óskaði Embætti landlæknis eftir frekari gögnum frá heimilinu.

Fram kom hjá fulltrúum heimilisins að sl. vor hafi verið ákveðið að gera 3ja ára þjónustusamning milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og heimilisins en hingað til hefur einungis verið samið til 6 eða 12 mánaða og hefur það að þeirra sögn haft áhrif á starfsemina. Í kjölfar fyrrnefnds fundar óskaði embættið ítrekað eftir afriti af slíkum samningi frá Meðferðarheimilinu í Krýsuvík. Þar sem ekki bárust svör við þeim beiðnum leitaði embættið til SÍ og þar fengust þau svör að núgildandi samningur við heimilið rynni út 31. desember n.k. og jafnframt að ekki væri búið að framlengja samningnum.

Á fyrrnefndum fundi var farið yfir ábendingar Embættis landlæknis og hvernig þeim hefur verið fylgt eftir síðan úttekt var gerð.

Hvað varðar ábendingar embættisins um verklagsreglur og faglegar leiðbeiningar fengust þær upplýsingar að vinna væri hafin við gerð gæðahandbókar. Embættið hefur ítrekað óskað eftir að fá send þau drög að handbókinni sem nú liggja fyrir en þau hafa ekki borist.

Í úttektinni voru gerðar athugasemdir við skráningu heilbrigðisupplýsinga. Að sögn fulltrúa heimilisins eru heilsufarsupplýsingar ennþá skráðar í excel skjal og áform um að taka upp Sögukerfið eru á frumstigi.

Embættið gerði athugasemdir við ónóga fagmennun á Meðferðarheimilinu í Krýsuvík. Að sögn fulltrúa heimilisins hefur þessari ábendingu ekki verið fylgt eftir. Fram kom að fulltrúarnir eru mjög ósáttir við reglugerð nr. 1106/2012 um menntun, réttindi og skyldur áfengis- og vímuefnaráðgjafa og skilyrði til að hljóta starfsleyfi. Enginn af ráðgjöfum meðferðarheimilisins uppfyllir skilyrði reglugerðarinnar en þeir hafa hlotið menntun og réttindi sem ekki eru

viðurkennd á Íslandi. Læknir í 20% starfshlutfalli er starfandi í Krýsuvík og auk þess starfar þar sálfræðingur í sama starfshlutfalli sem sinnir kennslu og handleiðslu.

Þá gerði Embætti landlæknis í úttektinni alvarlegar athugasemdir við það að enginn starfsmaður er til staðar á heimilinu frá kl. 16.00 til kl. 08.00 næsta morgun. Að sögn fulltrúa heimilisins hefur þessari ábendingu ekki verið fylgt eftir en fram kom að forsvarsmenn heimilisins hafa velt þessu töluvert fyrir sér en ekki gert breytingu á af ýmsum ástæðum.

Hvað varðar lagfæringar á húsnæði kom fram að búið væri að skipta um 40 glugga og koma í veg fyrir myglu á flestum stöðum og mála húsið að hluta. Þakið er illa farið og verið er að leita tilboða en ljóst er að um kostnaðarsama aðgerð er að ræða.

Fyrir hendi eru margvíslegar tölulegar upplýsingar um árangur meðferðarinnar í Krýsuvík en haft hefur verið samband við alla sem innrituðust þar á árunum 2010- 2013 og dvalið höfðu þar í þrjá mánuði eða lengur. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýndu m.a. að 28% þeirra útskrifuðust úr meðferðinni. Einnig kom fram að rúmlega 64% þeirra sem útskrifuðust voru án vímuefna í eitt ár eða lengur eftir að meðferð lauk og rúmlega 31% þeirra var án vímuefna þremur árum eftir að meðferð lauk. U.þ.b. 10% notenda þjónustunnar koma í meðferð oftan en einu sinni.

MAT EMBÆTTIS LANDLÆKNIS

Ljóst er að lítt hefur verið farið að ábendingum embættisins nema helst hvað húsnæði varðar. Niðurstaða embættisins er því að faglegar lágmarkskröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu séu ekki uppfylltar, sbr. reglugerð nr. 786/2007 um eftirlit landlæknis með rekstri heilbrigðisþjónustu og faglegar lágmarkskröfur. Í núgildandi þjónustusamningi við Sí kemur fram að meðferðin skuli veitt af læknum og áfengis- og vímuefnaráðgjöfum en eins og fram hefur komið uppfyllir enginn af ráðgjöfum heimilisins skilyrði reglugerðar nr. 1106/2012. Ýmis önnur ákvæði samningsins eru ekki uppfyllt, svo sem er snerta gæði þjónustu, innra eftirlit og skráningu heilsufarsupplýsinga.

Meðferðin í Krýsuvík er rekin með sniði evrópskra meðferðarsamfélaga (therapeutic communities), þar sem mest er byggt á samskiptum vistmanna sjálfra undir handleiðslu starfsfólksins. Auk þess rekur Menntaskólinn í Kópavogi útibú í Krýsuvík með stuðningi menntamálaráðuneytisins. Meðferðarheimilið hefur að mörgu leyti náð góðum árangri. Að mati Embættis landlæknis er lýsingin á starfseminni nær því að vera félagslegt úrræði með stuðningi heldur en heilbrigðisþjónusta.

NIÐURSTAÐA

Embættið leggur til að skoðaður verði sá möguleiki að Meðferðarheimilið í Krýsuvík verði félagslegt úrræði eða búsetuúrræði með stuðningi. Slíkt fyrirkomulag lýsir í raun starfseminni sem þar er í dag fremur en að hún sé heilbrigðisþjónusta með sólarhringsþjónustu. Þar sem einungis einn heilbrigðisstarfsmaður í 20% starfshlutfalli kemur að beinni meðferð í Krýsuvík er augljóst að lágmarkskröfur til heilbrigðisþjónustu eru ekki uppfylltar. Starfsmenn eru einungis við störf í Krýsuvík 8 klst/sólarhring, en utan þess eru notendur þjónustunnar í raun á eigin vegum.